

## Vopnalög

Undirritaður vill koma á framfæri athugasemdum sínum varðandi breytingar á vopnalögum, og þá sérstaklega hversu hart er vegið að söfnurum, og innflutningi á safnvopnum.

Endurskoðun vopnalaga var orðin tímabær, og kemur margt gott fram í nýju frumvarpi, þó full langt sé gengið í sumum tilfellum.

Fjöldmörg mjög góð erindi og umsagnir frá einstaklingum og félögum um frumvarpið má sjá frá 153. löggjafarþingi, auk umsagna er frumvarpið var í samráðsgátt. Því miður virðist lítið hafa verið horft til þeirra er málið var tekið til umræðu 07.11.2023.

Með frumvarpinu er lagt til að ekki verði lengur heimilt að flytja inn alsjálfvirk og hálfjálfvirk skotvopn á grundvelli söfnunar. Þetta er lagt til í ljósi þeirrar miklu aukningar á innflutningi þessara vopna frá 2018 til loka árs 2021, með skírskotun í hryðjuverkaógn samkvæmt greiningardeild ríkislögreglustjóra.

Einnig er vitnað í bann við hálfjálfvirkum vopnum í Noregi frá og með árunum 2024, en ef betur er að gáð hefur það engin áhrif á safnara þar í landi, og sérstakt að vera að minnast á það í þessu samhengi.

Að banna innflutning á safnvopnum er harkaleg aðgerð, og íþyngjandi fyrir þá sem sannarlega hafa áhuga á þessum málaflokki. Að mínu mati mætti fara aðrar leiðir, eða svipað og safnara í öðrum Evrópulöndum búa við. Þar þarf t.d. að sýna fram á áhuga og þekkingu á safnvopninu sem áhugi er fyrir að eignast, eða að safnara velji sér ákveðnar áherslur, eins og t.d. bandarísk vopn í seinni heimsstyrjöld.

Söfnurum er því gert kleift að sinna sínu áhugamáli með skilyrðum, samkvæmt sérákvæðum eða reglugerð, burtséð frá almennu banni á einhverjum flokki skotvopna.

Slík leið myndi að mínu mati fæla frá stóran hluta þeirra einstaklinga sem t.d. keyptu safnvopn á tímabilinu 2018-2021, en stærstur hluti þeirra greip tækifærið og keypti slíkt vopn þegar það bauðst, án nokkurs áhuga á söfnun eða þekkingar á sögu vopnsins.

Ég tel einnig að markaðurinn sé nokkuð mettur, og innflutningur muni ekki aukast mikið þó safnara fái að bæta við því sem þeir sannarlega geti sýnt fram á að þeim vanti í söfn sín.

Einnig finnst mér einkennilegt að þegar herða á reglur út frá áhættumati, að ekki sé gerður greinarmunur á því hvort glæpur hafi verið framinn af einstaklingi með öll sín réttindi á hreinu, eða á hinn veginn, að um sé að ræða réttindalausán einstakling eða glæpahópa, með stolið eða óskráð skotvopn.

Ef það væri haft til hliðsjónar, þá væru mjög hæpnar forsendur fyrir þessu innflutningsbanni á safnvopnum.

